


Íslenska sjávarútvegssýningin 1993 stækkar sýningu eftir sýningu

ÞREFALDA VERÐUR SÝNINGARPLÁSSIÐ

Það er ljóst að Íslenska sjávarútvegssýningin sem haldin verður fjórða sinni í september hefur haslað sér góðan völl um víða veröld og að vægi hennar hefur vaxið til muna, sýningu eftir sýningu. Nú þegar hafa nærri þrjú hundruð íslensk og erlend fyrirtæki og stofnanir skráð þátttöku sína í sýningunni. Þar á meðal eru fjölmargir erlendir sýnendur sem ekki hafa tekið þátt áður.

Sýningin verður haldin í Laugardalshöll dagana 15. til 19. september og verða meðal þátttakenda hópur fyrirtækja í Nova Scotia í Kanada, styrkt af stjórnmöldum þar í landi og fyrirtæki frá fyrrum Austur-Þýskalandi. Fjölmargir aðrir aðilar mæta nú í fyrsta sinni og hinir eldri láta sig ekki vanta.

Ellen Ingvadóttir, blaðafulltrúi sýningarinnar, sagði Alþýðublaðinu að sýningin yrði á 8 þúsund fermetra sýningarými. Reistir verða tveir sýningarskalar við höllina, 100 metra langir og um 25 metra breiðir, einskonar skyndihús og tækniundur hið mesta. Við þetta þrefaldast sýningarsvæðið. Laugardalshöll sem slík hýsir engan veginn sýningu sem þessa.



Sýningarsvæðið í Laugardal verður þrefaldað með notkun timburhúsa sem þessara á myndinni. Þau eru sett upp á stuttum tíma og hafa gagnast vel við hin verstu veðurskilyrði í Bretlandi. Eitt þeirra var sett upp á þilfari flugmóðurskipisins Ark Royal þar sem þúsund gestir voru í húsinu meðan 8 vindstiga ofsarok lamdi á skipinu og húsinu á dekkinu.

Stór hópur íslenskra fyrirtækja mun taka þátt í sýningunni og auk íslensku deildanna verða þarna sýningarbasar ýmissa þjóða sem sýna munu framleiðslu sína.

Eins og ævinlega er von á fjölmörgum gestum á sýninguna, þar af fjölda erlendis frá. Fyrir íslensk fyrirtæki sem framleiða rekstrarvörur fyrir sjávarútveginn er sýningin eðlilega hinn ákjósanlegasti vettvangur hyggi þau á útrás á erlendum mörkuðum.


Skipulagning Íslensku sjávarútvegssýningarinnar 1993 er í höndum bresks fyrirtækis, Reed Exhibition Companies, í samvinnu við íslensk samtök í iðnaði og sjávarútvegi. Framkvæmdastjóri sýningarinnar er Patricia Foster.



ICELANDIC FISHERIES EXHIBITION

1993

15-19 SEPTEMBER 1993
Laugardalshöll, Reykjavík, Iceland.



MARY ELLEN MARK Í 25 ÁR

„Liðugheita-listamaður“ með sæta hvolpinn sinn. Þessi myndarstúlka sýnir óvenjulega hæfileika sína í Mikla Raj Kamal sirkusnum í borginni Upleta á Indlandi. Myndina tók bandaríski ljósmyndarinn Mary Ellen Mark árið 1989. Á *Kjarvalsstöðum* stendur nú yfir sýning á 125 myndum þessa heimsfræga ljósmyndara og ber hún yfirskriftina: *Mary Ellen Mark í 25 ár*. Það er vissara að haska sér ef ætlunin er að kíkja á sýninguna því henni lýkur af óviðráðanlegum ástæðum miðvikudaginn 7. júlí.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði býr við þröng fjárhagsleg skilyrði

Liðskiptaaðgerðir æ fyrirferðarmeiri

Bið eftir liðskiptaaðgerð í mjöðm hjá handlækningadeild St. Jósefsspítala í Hafnarfirði er nú þrjú mánuðir. Reynt er að láta sjúklinga sem bíða aðgerðar fá ákveðinn dag til innlagnar. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og tími fólks nýttist betur, sé hægt að ákveða innlögn fram í tímann. Meðallegutími er 12 dagar og kostnaður á legudag lágur að hlutlausu mati.

Sérstakt samkomulag varð milli heilbrigðisráðuneytis og sjúkrahúsins þess

efnis að St. Jósefsspítali fjölgaði aðgerðum af þessu tagi til að létta á þungum biðlistum, sem mynduðust í kjölfar þess að annari af tveimur bæklunardeildum Landspítalans var lokað á síðasta ári.

Aðgerðir þessar hafa verið framkvæmdar á St. Jósefsspítala undanfarin tjú á með góðum árangri og fjöldi annarra stærri og meðalþungra aðgerða farið vaxandi. Að sögn talsmanna St. Jósefsspítala hefur komið í ljós ótvíræð hagkvæmni að fela sjúkráhusi af þessari stærð verkefni sem þessi. „Rekstur hátækisjúkrahúsa er dýr, en kostir þess að fela minni sjúkráhusum ákveðin verkefni bæði sem svokölluð ferilverk og einnig verkefni sem þurfa innlagnar sjúklinga eru ótvíræðir. Með því móti fá hátækisjúkrahúsin meira svigrúm til þeirrar sjúkráþjónustu sem þar á að vera“, segja menn í St. Jósefsspítala.

Er nú svo komið að St. Jósefsspítali er í þriðja sæti meðal sjúkráhusa í liðskiptaað-

gerðum, - aðgerðirnar í ár eru orðnar 25 talsins.

„Verkefni sem þetta byggir á miklum áhuga starfslíðs, bæði á skurðstofu og legudeildum spítalans, en lyfjagæðingur einnig til sjúkrárum í þessu skyni vegna helgarlokunar handlækningadeildar frá hádegi á laugardegi til mánudagsmorguns. Samhæfing hæfra starfsmanna hefur hér ráðið úrslitum og aðhaldssemi er gætt, því spítalanum hefur verið skorinn þrengri fjárhagslegur stakkur en öðrum sjúkráhusum af svipaðri stærð“, segja þeir á St. Jósefsspítala.

Mörg líknarfélög og þjónustuklúbbar í Hafnarfirði hafa reynst sjúkráhusinu ómetanlegur styrkur með gjöfum sínum. Vörðandi bæklunarlækningar hefur Lionsklúbbar Hafnarfjarðar verið styrkasta stöðin og hefur svo verið í áratug og hefur klúbburinn bætt við tækjum og áhöldum eftir því sem starfsemin hefur vaxið.

NÓATÚN

Lambakjöts dagar



Lambakjöt -
1/2 skrokkar
Bestu kaupin! **439.-**
Áður pr.kg. 498.-

Frampartur 1/2
niðursagaður **398.-**
Áður pr.kg. 498.-



Hryggir 1/1
588.-
Áður pr.kg. 698.-

Læri 1/1
599.-
Áður pr.kg. 679.-

Læri 1/1
sagað í sneiðar
649.-
Áður pr.kg. 798.-

Læri 1/1
purrkryddað
649.-
Áður pr.kg. 899.-



Hryggur 1/1
sagaður
í grillkótilettur
598.-
Áður pr.kg. 759.-

NÓATÚN

Nóatún 17 - S. 617000
Rofabæ 39 - S. 671200
Laugavegi 116 - S. 23456
JL-húsinu vestur í bæ - S. 28511

Hamraborg 14, Kóp. - S. 43888
Furugrund 3, Kóp. - S. 42062
Pverholti 6, Mos. - S. 666656